



Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur

Hækkun á tímakaupi nemenda Vinnuskóla Reykjavíkur sumarið 2024

Lagt er til að launa nemenda Vinnuskólans séu fest við launaflokk 217 (grunnlaunaflokkur í kjarasamningi Sameykis og Reykjavíkurborgar), dagvinnukaup 2555 kr. á klst. Nemendur í 8. bekk fái greidd 30% af launaflokki 217, nemendur í 9. bekk 40% af launaflokki 217 og nemendur í 10. bekk 50% af launaflokki 217:

- Tímakaup nemenda úr 8. bekki hækki úr 711 kr. í 766,5 kr.
- Tímakaup nemenda úr 9. bekki hækki úr 947 kr. í 1.022 kr.
- Tímakaup nemenda úr 10. bekki hækki úr 1.184 kr. í 1.277,5 kr.

Hækkunin á tímakaupi nemur um 7,9%. Í fjárhagsáætlun eru rúmlega 268 milljónir á launalið nemenda en með hækkun launataxta og áætlaðan fjölda nemenda fyrir sumarið 2024, 3.000 nemendur, þarf að sækja um hækkun á launalið um 21 milljón.

Ljóst er að þessi hækkun rúmast ekki innan launaliðs nemenda í fjárhagsáætlun umhverfis- og skipulagssviðs fyrir árið 2024. Tillagan er því lögð fyrir umhverfis- og skipulagsráð með fyrirvara um samþykki borgarráðs um aukafjárveitingu.

Þessar hækkunir sem hér eru lagðar til fylgja sömu aðferðafræði og notast er við í æ fleiri sveitafélögum/vinnuskólum í dag, þ.e. hlutfallstengingu við lágsta launaflokk í kjarasamningi sveitarfélags og viðkomandi stéttarfélags. Með þessum hætti verða laun nemenda í Vinnuskóla Reykjavíkur sambærileg við laun í flestum vinnuskólum höfuðborgarsvæðisins.

Virðingarfyllt,

Þorvaldur Guðjónsson
Skólastjóri Vinnuskóla Reykjavíkur